

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar, nr. 189 29. nóvember 1940.

14

31. jan.

1. gr.

Á eftir II. kafla gjaldskrárinnar komi nýr kaflí, svo hljóðandi viðauki:

IV. Bráðabirgðaákvæði.

Gjöld samkv. D-lið gjaldskrárinnar, með undirliðum a—f, breytist með kola-verði í bænum á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngildi 60 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola hér á staðnum á hverjum tíma. Þó skal verð á kv-stund, samkvæmt þessum lið, ávallt standa á hálfum eyri eða heilum. Jafnframt er fallin niður hækkun sú, er gerð var vorið 1942 á gjaldskrárlið D—1—c, úr 2,5 í 4 aura.

Raforkuverð og önnur gjöld samkvæmt öðrum liðum gjaldskrárinnar en D 1 hækki um 1% fyrir hver 2 stig, er verðvísitalan er umfram eitt hundrað.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi 1. febrúar 1947.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breyting á sömu gjaldskrá, nr. 193 28. nóvember 1942.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1947.

Emil Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ
fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu.

15

31. jan.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Hafnartanga í Landsenda.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit hafa 3 menn, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að aflokinni hreppsnefndarkosningu og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skal kjósa 3 varamenn. Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

4

15

31. jan.

III. KAFLI

Viðhald og endurbætur. Hafnarsjóður.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur á mannvirkjum þeim, sem gerð eru til lendingarbóta og öðrum eignum hafnarinnar, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarsjóðs, innheimtu og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar, gegn innheimtulaunum eða kaupi, er um semur.

Hafnarnefnd setur hafnarvörð, ef þurfa þykir, setur honum starfsreglur og ákveður honum þóknun, að fengnu samþykki hreppsnefndar.

4. gr.

Hafnarsjóði skal eingöngu varið til að standa straum af kostnaði við mannvirki, sem við höfnina eru eða kunna að verða gerð, viðhald þeirra og frekari umbætur.

Hreppsnefnd veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda, að fengnum tillögum hafnarnefndar.

Hreppssjóður Borgarfjarðarhrepps ber ábyrgð á skuldum sjóðsins og er hreppsnefnd ábyrg fyrir eignum hans og skuldbindingum.

Reikningur hafnarsjóðs skal fylgja hreppsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum.

IV. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarnefnd (hafnarvörður, ef skipaður er) sér um, að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða boði hennar (hans) og banni eða þess, sem hún setur til að gæta reglu.

Þyki einhverjum sér óréttur gerr af starfsmanni hafnarinnar getur hann kært það fyrir hreppsnefnd, en skipun starfsmanns ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu jafnan sýna þeim kurteisi, er þeir skipta við.

V. KAFLI

Um notkun hafnarinnar.

6. gr.

Heimilt er bátum að leggjast að bryggjum hafnarinnar í þeirri röð, er þeir koma að, en skylt er þeim, að fara frá bryggjunni er þeir hafa lokið erindi sínu, ef aðrir bátar þurfa að komast að.

Uppskipunarbátar, sem skipa upp eða út vörum í skip, er liggja á höfninni, ganga fyrir um afgreiðslu og hafa rétt til að nota bryggjurnar, þar sem upp og útskipun er auðveldust.

VI. KAFLI

Um hafnargjöld.

7. gr.

Fyrir hvern uppskipunarbát skal greiða kr. 30.00 fyrir árið.

VII. KAFLI
Um aflagjald.

15 -
31. jan.

8. gr.

Greiða skal 1% af brúttó andvirði afla þeirra báta, er leggja afla á land á hafnar-arsvæðinu. Þó má hafnarnefnd, að fengnu samþykki hreppsnefndar, undanskilja þessu gjaldi báta þá, er kynnu að verða gerðir út frá Höfn, Hofströnd eða Geitavík, að nokkru eða öllu leyti.

VIII. KAFLI
Um vörugjald.

9. gr.

Vörugjald skal greiða af vörum og öðru því, sem um höfnina er flutt. Ekki skal þó greiða vörugjald af vöru, sem áður hefur verið greitt af, þó hún sé flutt til annars staðar á verzlunarsvæði Borgarfjarðar.

10. gr.

Undanskilið er vörugjaldi:

- a. Endursendar umbúðir.
- b. Vistir og nauðsynjar til báta og skipa.
- c. Póstflutningur, og venjulegur farþegaflutningur, allt að 25 kg.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd vörunnar. Brot úr gjaldeiningu telst heil gjaldeining. Skytt er afgreiðslu, er sér um fermingu eða affermingu skips eða báts, að láta hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar í té eintak af farmskrá skipsins og skal vörugjald reiknað þar eftir. Sé ekki um farmskrá að ræða, skal skipstjóri (formaður) gefa vottorð um vörur þær, sem hann hefur flutt eða ætla að flytja.

12. gr.

Vörugjald skal greiða sem hér segir:

1. Af salti, sementi, tilbúnum áburði og síldarmjöli: kr. 6.00 af hverri smálest.
2. — saltfiski: kr. 6.00 af hverri smálest.
3. — nýjum fiski: kr. 3.00 af hverri smálest.
4. — saltkjöti: kr. 1.20 af hverri heiltunnu.
5. — saltkjöti: kr. 0.60 af hverri háltunnu.
6. — tómum heiltunnum: kr. 0.30 af hverri.
7. — tómum háltunnum: kr. 0.20 af hverri.
8. — kindarskrokkum: kr. 0.20 af hverjum skrokk.
9. — olíu og benzíni: kr. 2.50 af hverri heiltunnu.
10. — olíu og benzíni: kr. 1.25 af hverri háltunnu.
11. — timbri: kr. 0.25 af hverju teningsfeti.
12. — búslóð og öðrum vörum, er reiknast í ten.fetum: kr. 0.15 af hverju ten.feti.
13. — stórgripum: kr. 4.00 af hverjum grip.
14. — sauðfé: kr. 1.00 af hverri kind.
15. — öllum öðrum flutningi: kr. 1.00 af hverjum 100 kg, þó aldrei minna en kr. 0.50 af hverri farmskrársendingu.

IX. KAFLI

Um innheimtu.

13. gr.

Hlutaðeigandi skipaafgreiðslu ber að sjá um, að greidd séu hafnargjöld af þeim vörum, sem fluttar eru úr landi í skip til sendingar. Einnig ber afgreiðsla ábyrgð á hafnargjaldi af vörum þeim, er í land eru fluttar og hún afhendir móttakanda áður en hann hefur greitt hafnarnefnd eða umboðsmanni hennar þau gjöld, er greiða ber.

Ef skip eða bátur hefur farminn ekki skráðan, ber skipstjóri eða formaður ábyrgð á greiðslu vörugjalds.

Útgerðarmaður hvers báts, er fiskveiðar stundar, ber ábyrgð á því 1% gjaldi, er greiða ber af brúttó verði fiskafla, er bátur leggur á land, og skal það gjald greitt þá er reikningsskil liggja fyrir um sölu ársaflans. Þó má krefja greiðslu samkvæmt áætlun, ef sölureikningar liggja ekki fyrir í árslok.

14. gr.

Öll vörugjöld falla í gjalddaga við fermingu eða affermingu varanna.

X. KAFLI

Ýmis ákvæði.

15. gr.

Öll gjöld, er reglugerð þessi ákveður, má taka lögtaki.

16. gr.

Um skaðabótaskyldu út af skemmdum á mannvirkjum hafnarinnar fer eftir almennum lagafyrirmælum.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum lögum.

18. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Hafnarreglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1947.

Emil Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.